

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Nr. 352/1995.

Kristján Ágústsson

(Stefán Pálsson hrl.)

gegn

Búnaðarbanka Íslands

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Kærumál. Sönnunarfærsla. Skuldabréfamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. október 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 24. október 1995. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 2. október 1995. Kæruheimild er í b-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og heimilað verði, að sóknaraðili fái að koma fyrir dóm til skýrslugjafar og leiða vitni jafnframt því að koma að efnisvörnum í málinu. Einnig krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdómara, að höfða megi mál þetta sem skuldabréfamál eftir ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991, sbr. c-lið 117. gr. þeirra laga.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði, reisir sóknaraðili sýknukröfu sína í héraði á því, að hann hafi ekki gengist undir sjálfskuldarábyrgð á hinu umdeilda veðskuldabréfi. Skýrir hann svo frá, að bakhlið skuldabréfsins hafi verið auð, er hann ritaði nafn sitt þar. Hafi yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð og fleiru síðar verið bætt aftan á bréfið. Varnaraðili vefengir staðhæfingar þessar.

Úr þessu álitamáli og öðrum ágreiningi, sem varðar form og efni veðskuldabréfsins, ber dómara að skera með dómi. Verður því ekki leyst sjálfstætt úr slíku deiluefni með úrskurði um, hvort nánar tilgreindum vörnum verði komið að.

Eins og áðurgreindar varnir sóknaraðila eru úr garði gerðar, þyk-

ir verða að líta svo á, að þær varði atriði, sem greinir í c-lið 118. gr. laga nr. 91/1991. Er ekki fyrir það girt, að skýrslur sóknaraðila og vitna geti skipt máli til sönnunar um ágreining varðandi síðastnefnt lagaákvæði.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, eru ekki rök til að hafna óskum sóknaraðila um þá skýrslugjöf fyrir dómi, sem deilt er um í málinu. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er krafa sóknaraðila um heimild til skýrslugjafar fyrir dómi tekin til greina.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. október 1995.

I.

Stefnandi höfðaði mál þetta á hendur stefnda með stefnu, birtri 23. febrúar 1995.

Málið var höfðað samkvæmt skuldabréfi, upphaflega að fjárhæð 12.770.000 kr., út gefnu í Reykjavík af Íslenska stálfélaginu hf. 16. júní 1989 til handa stefnanda. Skuldina skyldi greiða með tólf afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. janúar 1990, og var hún bundin lánskjaravísitölu og skyldi breytast í sama hlutfalli. Vextir af skuldinni eru breytilegir, hæstu skuldabréfavextir, eins og þeir eru ákveðnir af Búnaðarbanka Íslands á hverjum tíma, upphaflega 7,75% ársvextir.

Eftir því sem segir í stefnu, tókust Hjörtur Torfason, Haraldur Þór Ólason og stefndi á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldarinnar. Í skuldabréfinu sé mælt fyrir um, að skuldin falli í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar, verði greiðsludráttur á henni. Vegna vanskila og árangurslausra innheimtutilrauna sé skuldin öll í gjalddaga fallin frá og með 15. janúar 1992.

Íslenska stálfélagið hf. var úrskurðað gjaldþrota 12. nóvember 1991, og því hafi félaginu ekki verið stefnt í málinu.

Stefnandi hafi samið við Hjört Torfason og Harald Þór um greiðslu á ábyrgðum þeirra. Hafi stefnandi lækkað kröfu sína samkvæmt skuldabréfinu og leyst þá úr ábyrgð með greiðslu þeirra 29. nóvember 1994. Stefndi hafi hins vegar ekki samið um greiðslu vegna ábyrgðar sinnar, og sé því málshöfðun óhjákvæmileg.

Skuld sú, sem krafist sé, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda, sé í samræmi við samninginn við samábyrgðarmenn stefnda, þ. e. helming-

ur af þeirri greiðslu, sem greiddist inn á kröfu stefnanda 29. nóvember 1994. Krafist sé dráttarvaxta frá þeim degi.

Stefnandi höfði mál þetta á grundvelli 17. kafla laga nr. 91/1991, og sé málið rekið samkvæmt því, sbr. ákvæði þar um í bréfinu sjálfu.

Af hálfu stefnda er í greinargerð aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Sýknukröfu sína styðji stefndi þeirri málsástæðu, að hann hafi ekki gengist undir sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu, og sé hún því honum óviðkomandi. Kröfur á hendur stefnda séu ekki studdar framhlið skuldabréfsins, heldur áritun á bakhlið þess um sjálfskuldarábyrgð hans, Hjartar Torfasonar og Haralds Þórs Ólasonar.

Stefndi segir málavexti þá, að í júní 1989 hafi hann átt sæti í stjórn Íslenska stálfélagsins hf. Hann hafi undirritað framhlið skuldabréfsins á skrifstofu Hjartar Torfasonar hrl., en síðan hafi Stefán heitinn Hilmarsson, bankastjóri stefnanda, beðið hann að rita nafn sitt og kennitölu á bakhlið skuldabréfsins, sem þá hafi verið auð. Hann segir, að Stefán hafi beðið hann að gera þetta, þar sem þyrfti skýrari nafnritun og kennitölu. Ekki hafi verið rætt um neina sjálfskuldarábyrgð í því sambandi. Ábyrgðaryfirlýsingin hafi verið færð inn á bréfið síðar án hans samþykkis. Stefndi mótmæli því, að málið sé höfðað á grundvelli XVII. kafla laga nr. 91/1991, þar sem hin ætlaða ábyrgðarlýsing sé ekki hluti af skuldabréfinu og ákvæðum þess, heldur sjálfstætt fyrirbæri, sem ekki fullnægi skilyrðum réttarfarslaga um dagsetningar, votta og fleira. Því er haldið fram, að varnir hans komist að, þar sem ekki sé um kröfu samkvæmt 17. kafla eml. að ræða.

Í greinargerð áskilur stefndi sér rétt til að gefa skýrslu fyrir dóminum jafnframt því, sem krafist var, að vitni yrðu leidd til að sanna þessa málsástæðu.

Í þinghaldi 22. september sl. var ítrekað af hálfu stefnanda, að málið væri rekið á grundvelli XVII. kafla laga nr. 91/1991, og því mótmælt, að aðrar varnir kæmust að í málinu en þar eru leyfðar. Lögðu aðilar ágreining þennan í úrskurð.

II.

Niðurstaða.

Á framhlið veðskuldabréfs þess, sem hér um ræðir, er ritað, að mál út af skuld samkvæmt bréfinu eða veðsetningu megi reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt XVII. kafla þágildandi laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Veðskuldabréfið fullnægir að þessu leyti ákvæði c-liðar 1. mgr. 117. gr.

laga nr. 91/1991 til að falla undir XVII. kafla laganna um afbrigðilega meðferð einkamála.

Helstu frávik frá almennum reglum, sem gilda í málum samkvæmt þeim kafla, eru talin upp í 118. gr. laganna, sem greinir, hvers konar vörnum stefndi geti komið að í slíkum málum án samþykkis stefnanda. Aðrar varnir og kröfur ber að virða að vettugi, og getur stefndi því ekki krafist þess að fá að afla gagna þeim til stuðnings eða flytja málið um þær.

Frumrit veðskuldabréfs þess, sem hér um ræðir, liggur frammi í málinu. Á framhlið rita Hjörtur Torfason og Haraldur Ólason auk stefnda f. h. Íslandska stálfélagsins hf. undir skuldaviðurkenningu félagsins við stefnanda. Á bakhlið bréfsins er ritað, að til frekari tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls, vaxta, vísitöluálags, dráttarvaxta og alls kostnaðar vegna vanskila þessa láns takist eftirtaldir aðilar á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni þessu, og gildir ábyrgðin jafnt, þó að greiðslufrestur verði veittur á láninu einu sinni eða oftari, og eins, þótt skipt verði um ábyrgðaraðila, uns skuldin sé að fullu greidd. Undir þessa yfirlýsingu rita nöfn sín Hjörtur Torfason, Haraldur Ólason og stefndi.

Af hálfu stefnda er viðurkennt, að hann hafi ritað nafn sitt á bakhlið skuldabréfsins. Stefndi reisir sýknukröfu sína í málinu á því, að bakhlið veðskuldabréfsins hafi verið auð, þegar hann ritaði nafn sitt þar á, og ábyrgðaryfirlýsingin því ekki hluti skuldabréfsins. Stefnda ber að sanna þessa fullyrðingu sína. Verður þeim vörnum ekki komið að í málinu gegn andmælum stefnanda, sbr. 3. mgr., sbr. 1. mgr. 118. gr. laga nr. 91/1991. Því ber að synja stefnda um að leiða aðila og vitni fyrir dóminn í máli þessu.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa stefnanda er tekin til greina um það, að varnir þær, sem stefndi hefur uppi til stuðnings sýknukröfu sinni, komist ekki að í málinu. Synjað er kröfu stefnda um að leiða aðila og vitni fyrir dóminn í máli þessu.